

# Morgunblaðið

## mbl.is/gagnasafn

---

Laugardaginn 13. september, 2008 - Aðsent efni

## Traustsins verðir, nei takk

**Pórarinn H. Ævarsson fjallar um samskipti íbúa og bæjarstjóra í Kópavogi**

Pórarinn H. Ævarsson



Pórarinn H. Ævarsson fjallar um samskipti íbúa og bæjarstjóra í Kópavogi: "Ég er hinsvegar farinn að þekkja vinnubrögð Gunnars bæjarstjóra ágætlega og sýnist mér ég sjá fingraför hans á þessu máli öllu."

GUNNAR Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, sendi frá sér enn eina dæmalaus grein sem birt var í morgunblaðinu 10. sept. sl. Greinin ber hina fögru yfirskrift „Eyðum tortryggni“ Þetta lofaði góðu en innihald greinarinnar er hins vegar til þess eins fallið að ala á tortryggni. Gunnar grípur þar til gamalkunnra ráða þar sem hann ræðst á forsvarsmenn nýstofnaðra samtaka íbúa Lindahverfis. Gunnar reynir að gera þá ótrúverðuga með því að vitna í ónefnda heimildarmenn sem fullyrða að þeir hafi séð Sigurð Þór Sigurðsson, talsmann samtakanna, hangandi eins og tilbera utan í Guðríði Arnardóttur, oddvita Samfylkingarinnar, meðan á fundinum stóð. Þegar síðan Guðríður sver þetta af sér og nefnir til vitni máli sínu til stuðnings segir Gunnar bara að það standi „orð gegn orði“ og að ósýnilegir heimildamenn vegi þyngra en orð oddvita næststærsta stjórnmalaflokks bæjarins og óháðs fréttamanns sem var þarna á staðnum með Guðríði.

Þetta minnir óneitanlega á vinnubrögð Gunnars nú í sumar þegar hann vitnaði ítrekað í fundargerðir sem áttu að sanna að samráð hefði átt sér stað við samtökin Betri Byggð á Kársnesi (BBK). Enginn hefur séð þær, en ef þær væru til þá ætti Gunnari að vera í lófa lagið að hrista þær fram úr erminni máli sínu til stuðnings og þá í leiðinni gerði hann lítið úr málflutning þeirra sem hafa haldið því fram að samráð hafi ekki átt sér stað.

Áður en lengra er haldið og til að eyða mögulegum samsæriskeningum framtíðarinnar tel ég reyndar við hæfi að það komi hér skýrt fram að ég þekki hvorki Sigurð né heldur Guðríði. Ég hef aldrei átt við þau orðastað og veit ekki hvað fór fram á fundinum góða.

Ég er hinsvegar farinn að þekkja vinnubrögð Gunnars ágætlega og sýnist mér ég sjá fingraför hans á þessu máli öllu.

Gunnar stundar sem sé þá iðju að henda skítabombum í kringum sig til að dreifa athyglinni frá sér og þó svo að hægt sé að rekja fnykinn beint aftur til hans, þá sér tannlaus pressa ekki ástæðu til að krefja hann nánari skýringa á tilhæfulausum fullyrðingum.

Sögubráður komandi vikna er næsta fyrirsjáanlegur, en Gunnar mun nú draga sig í hlé í smátíma og mun hann hvorki koma fram með nöfn heimildarmanna sinna, né heldur mun hann koma fram með fundargerðirnar góðu, máli sínu til stuðnings. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að hvorugt er til.

Ef hann hins vegar nær að sitja af sér þennan storm hefur hann náð fram takmarki sínu, sem er að gera fulltrúa beggja íbúasamtakanna ótrúverðuga í huga fólks. Annarsvegar sé um að ræða pólitísk tengsl Lindahópsins við Samfylkinguna og hins vegar sé um að ræða Kársnesinga sem fengu allt sem þeir vildu en verða aldrei sáttir.

Gunnar er í greininni afar óhress með það að bæjaryfirvöldum hafi ekki verið boðið að senda fulltrúa sína á stofnfundi íbúasamtakanna í Lindahverfi. Mér þykir í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við

Það að yfirmönnum skiplagsmála bæjarins hefði verið boðið að sitja sem áheyrnarfulltrúar, eða jafnvel að þeim yrði leyft að koma skoðunum sínum á framfæri. En það má þá beita sömu rökum á hina hliðina á sama peningi og segja, af hverju er ekki íbúum eða íbúasamtökum boðið að sitja fundina þar sem bæjaryfirvöld ásamt hinum ýmsu verktakafyrirtækjum taka ákvarðanir sem snerta lífsgæði þúsunda. Við íbúar fáum ekki að sjá eða koma að einu eða neinu en fáum síðan í hendurnar fullmótaðar tillögur þar sem greinilega er verið að vinna eftir óskum og hagsmunum verktakanna sem eðlilega vilja byggja sem mest á hverjum reit. Gunnar er einnig mjög óhress með það að BBK hafi staðið fyrir því að íbúar við Kársnesbraut hafa afþakkað svokallaða samráðsfundi með bæjaryfirvöldum. Hinir meintu samráðsfundir snúast ekki um samráð heldur um það hvernig Kópavogsbær ætlar sér að ganga frá lóðum viðkomandi íbúa eftir að væn sneið hefur verið skorin af þeim. Bæjarstjórinn sem digurbarkalega hélt því fram fyrir ári að lítið mál væri að koma Kársnesbraut í stökk hefur nú skipt um skoðun og ætlar sér nokkra metra inn á aðliggjandi lóðir, svo hægt sé að koma húsagötu fyrir í þrengslunum. Íbúum þykir þetta algerlega óviðunandi lausn og er því til lítills að mæta á samráðsfundi til að ræða útfærslur á aðgerð sem engin sátt verður um.

Íbúar við Kársnesbraut höfðu því samband við skipulagsyfyrirvöld og óskuðu eftir fresti svo þeir hefðu tækifæri á að kynna sér réttarstöðu sína, enda var áhugi meðal þeirra á að leita fulltingis lögfræðings. Beiðni íbúa við Kársnesbraut um frest til að kynna sér réttarstöðu í þessu stóra og alvarlega máli var hafnað og tilkynnti Birgir Sigurðsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála, greinarhöfundi það að haldið yrði áfram með fundina, burtséð frá því hvort íbúar mættu eða ekki. Maður skilur ekki alveg flýttinn því þetta er sami Birgir og hefur kynnt íbúum að þessar breytingar muni koma í rólegheitunum næstu 25 ár.

Þetta er að mínu mati fáheyrður dónaskapur gagnvart íbúum og í raun ekkert annað en valdníðsla. Það ríkir trúnaðarbrestur milli yfirvalda í Kópavogi og íbúa, víðsvegar um bæinn. Tortryggni verður ekki eytt með þessum vinnubrögðum.

Höfundur er framkvæmdastjóri og íbúi á Kársnesbraut.

Slóð: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1242453](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1242453)

Skoðað: 2008-09-14 21:44

© mbl.is/Árvakur hf